

Ed.

437. Nefndarálit

[46. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði 18. ágúst 1971. Nefndinni var ætlað að endurskoða lög um kauparétt á jörðum, nr. 40/1948, lög um ættaróðul o. fl., nr. 102/1962, og lög um Jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54/1967. Síðar var henni svo falið að endurskoða lög um landnám ríkisins og fella þau ákvæði þeirra inn í jarðalagafrumvarpið, „sem þörf var talin á að héldu áfram gildi, þó lögin yrðu felld úr gildi í núverandi formi“, eins og segir í athugasemdum við frumvarpið.

Það má því ljóst vera, að jarðalagafrumvarpið spannar vítt svið skipulagningar jarða og eignar- og umráðaréttar þeirra fasteigna, sem frv. tekur til. Þá er ráðgerð gagnger breyting í yfirstjórn þessara mála, þar sem Landnám ríkisins hættir störfum, en landbúnaðarráðuneytinu er ætlað að annast verkefni þess ásamt byggðaráðum, sem setja skal á stofn í hverri sýslu landsins, en þau eiga m. a. að hafa frumkvæði að skipulagi í strjálbýli.

Landbúnaðarnefnd sendi þetta frv. til umsagnar ýmsum aðilum, sem ekki höfðu áður um það fjallað. Það var sent Sambandi ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtökum sveitarfélaganna öllum, búnaðarsamböndum, skipulagsstjórn ríkisins og landnámsstjóra ríkisins. Flestir þessara aðila hafa gefið út álit um frv. Það, sem athygli vekur, en kemur þó ekki á óvart, er, hversu margir þættir frv. eru gagnrýndir og það af flestum þeim, sem umsagnir koma frá.

Ekki verður því við komið að rekja til hlítar í nefndaráliti umsagnir allra þeirra aðila, sem hafa tjáð sig um frumvarpið. Það yrði of langt mál. Þessa skal þó getið:

Landnámsstjóri gerir athugasemdir um fimm meginatriðin og segir síðan svo: „Með hliðsjón af þeim atriðum, er fram koma í töluliðum 1—5, legg ég til, að frv. til jarðalaga verði vísað frá í þeirri mynd, sem það er, en jafnframt verði gerð endurskoðun á þeim lögum, er það nær til, ásamt ábúðarlögum, og að því er varðar Landnám ríkisins, þá starfi það áfram á grundvelli laga nr. 45/1971 sem sérstök ríkisstofnun.“

Skipulagsstjórn ríkisins tekur að sjálfsgöðu fyrir í sinni umsögn þann þáttinn, sem veit að skipulagsmálum. Þar segir svo m. a.: „Á það skal bent, að nú þegar eru ýmis sveitarfélög, bæði hrein strjálbýlissveitarfélög og sveitarfélög, sem eru að langmestu leyti strjálbýl, að eigin ósk orðin skipulagsskyld. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. virðist svo sem skipulagsskylda ýmissa sveitarfélaga skv. skipulagslögum, nr. 19/1964, félli niður, ef hún yrði samþykkt óbreytt.“ Og síðar segir skipulagsstjórn svo: „Skipulagsstjórn virðist sem byggðaráðum, sem stofna á skv. lögum, séu fengin í hendur verkefni, sem þau hafi varla skilyrði til að leysa, t. d. að gera tillögur um skipulagsmál í sveit, sbr. upphaf 13. gr.“

Samband íslenskra sveitarfélaga gefur greinargóða umsögn um frv., sem stjórn sambandsins hefur fjallað um á nokkrum fundum. Þar kemur það fram m. a., að af ummælum í athugasemdum við frv. megi ráða, að sveitarstjórnasambandið hafi verið haft með í ráðum, þegar frv. var samið, en svo hafi ekki verið. Um það segir svo í umsögn sambandsins:

„Rétt er, að framkvæmdastjórinn var einu sinni kvaddur til viðræðna á fund nefndarinnar og spurður persónulegs álits á ákvæðum frv. Framkvæmdastjórinn tjáði sig ekki efnislega um önnur atriði frv. en ákvæðin um byggðaráð, umdæmi þeirra og skipan, sem hann taldi í ósamræmi við stefnumörkun sambandsins. Ábendingar framkvæmdastjórans um þetta voru ekki teknar til greina.“ Eftir að stjórn sambandsins hefur gert athugasemdir við alla kafla frv., lýkur bréfi hennar

með þessum orðum: „Með tilliti til framangreindra athugasemda leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til, að frv. til jarðalaga verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.“

Fjórðungssamband Norðlendinga segir svo m. a.: „Það eru vægast sagt ekki vammlaus vinnubrögð hjá nefnd þeirri, sem bjó frv. í hendur Alþingis, að hafa ekki formlega samráð við samtök sveitarfélaganna í einstökum landshlutum og við sýslunefndir. Í sumar var ekki höfð hirða á því að senda frumvarpið til athugunar hjá ýmsum aðilum á milli þinga. Því verður að vara við öllum einstefnuakstri í meðferð þessara mála, sem getur stefnt árangri af samstarfi um þessi mál í tvisýnu.“

Búnaðarsamböndin hafa öll tillögur um breytingar, og athugasemdir um veigamikil atriði koma frá sumum þeirra.

Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu leggur áherslu á, að Jarðasjóður fái sérstaka stjórn. Sama kemur fram í umsögnum Búnaðarsambands Skagfirðinga og Búnaðarsambands Snæfellinga. Flest leggja þau áherslu á, að skv. frv. sé Jarðasjóður of veikur fjárhagslega, og leggja til, að ríkisframlag til hans verði hækkað úr 12 millj. króna í 20 millj. (Búnaðarsamband Snæfellinga).

Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur athugasemdir að gera við nokkur atriði frv. og þó alveg sérstaklega við kaflann um óðalsjarðir. Í niðurlagi umsagnar búnaðarsambandsins kemur þetta fram: „Auk þessara atriða, sem talin hafa verið upp hér að framan, eru nokkuð skiptar skoðanir um byggðaráð og það, hversu valdamikil stofnun það er, þegar um ráðstöfun eigna er að ræða. Töldu sumir, að þar væri gengið um of á rétt einstaklingsins til að ráðstafa eignum sínum að vild.“

Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga gerir tiltekna athugasemdir við frv., en lýkur umsögn sinni með þessum orðum: „Stjórn búnaðarsambandsins telur valdsvið byggðaráðs í frumvarpinu svo og mikið og margþætt, að mjög þurfi til þessarar löggjafar að vanda. Við teljum því rétt að fresta afgreiðslu jarðalagafrumvarpsins á yfirstandandi Alþingi til þess að tryggja sem besta samstöðu um meginstefnu þess, bæði frá búnaðarsamböndum, búnaðarfélögum og sýslunefndum. Það skiptir að okkar dómi minna máli, hvort löggjöf þessi verði afgreidd árinu fyrr eða síðar, nái frv. fram að ganga með einhuga stuðningi bænda í landinu, sem er forsenda fyrir því, að löggjöfin nái tilgangi sínum. Af þessu tilefni sendir stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga engar tillögur til breytinga á frv., að svo komnu máli.“

Við undirritaðir nefndarmenn, höfum sannfærst um það við athugun á jarðalagafrumvarpinu, að brýna nauðsyn beri til að fresta afgreiðslu þess eða gera á því veigamiklar breytingar, ef það á að ganga fram á þessu þingi.

Umsagnir fjölda þeirra samtaka, sem frv. varðar sérstaklega og hér hafa verið lauslega kynntar, hníga mjög í þá sömu átt. Við höfum þó ekki náð samstöðu um það í nefndinni, að viðunandi breytingar verði gerðar á frv., né heldur um það, að frumvarpið verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar og lögfestingu þess frestað, sem vissulega er eðlilegasta afgreiðsla málsins, eins og unnið hefur verið að uppbyggingu frv.

Umsagnir, sem borist hafa til nefndarinnar, undirstrika þá skoðun okkar ræki-lega, að endurbóta sé þörf, enda hefur ekki verið haft samráð við þær stofnanir, sem ríkasta reynslu hafa um meginviðfangsefni þessa lagabálks, svo sem skipulagsstjórn ríkisins, landnámsstjórn ríkisins og sveitarstjórnirnar eða samtök þeirra.

Þau verkefni, sem byggðaráðunum er ætlað að vinna, eru í eðli sínu sveitarstjórnarmálefni, og því væri eðlilegast að sveitarstjórnirnar, sem skipaðar eru lýðræðislega kjörnum fulltrúum allra íbúa í viðkomandi byggðarlögum, hafi með höndum meðferð flestra þeirra mála, sem byggðaráðin eiga að annast. Þau eru óþarfar stofnanir, og má með góðu móti leysa þau af hólmi með því að fá stofnunum, sem þegar eru til í landinu, öll þeirra störf í hendur.

Í þessu nefndarálitni verður viðhorf okkar til frv. ekki rakið nánar, en skýrt frekar við 2. umræðu um það. Þó skal að lokum á það bent, að megintilgangi frv.,

sem oftast hefur verið horft á og margir hafa lagt áherslu á í umræðum, er vissulega nauðsynlegt að ná, þ. e. að fyrirbyggja, að jarðeignum sé ráðstafað með óeðlilegum hætti miðað við viðskiptavenjur, svo og að komið verði í veg fyrir brask með jarðeignir í hagnaðarskyni. Að okkar mati hefur ekki tekist með ákvæðum þessa frv. að ná þessu höfuðmarkmiði þess. Haldbetra væri að ganga þannig frá skipulagsmálum strjálbýlisins og ákvæðum um ábúð jarða, að eigendum þeirra væri skylt að halda jörðum í ábúð með hæfilegum leigukjörum og nauðsynlegu frjálsræði ábúanda til framkvæmda á þeim.

Minni hluti landbúnaðarnefndar telur, að þar sem ekki hefur tekist að færa frv. til þess horfs, að viðunandi sé, á því Alþingi, er nú situr, þá beri að hafna því, og leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar, sem væri unnin í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Landnám ríkisins og skipulagsstjórn ríkisins.

Alþingi, 28. febr. 1974.

Steinþór Gestsson,
form.

Jón Árm. Héðinsson.

Jón Árnason.